

## Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar

haldinn miðvikudaginn 20. maí 2020 í Hliðarbæ í Hörgársveit.

### Fundurinn hófst kl. 15:00

Fulltrúar sveitarfélaganna sem sátu fundinn;

Akureyrarbær; Hilda Jana Gísladóttir,  
Hörgársveit; Snorri Finnlaugsson,  
Dalvíkurbyggð; Katrín Sigurjónsdóttir,  
Fjallabyggð; forföll boðuð.  
Eyjafjarðarsveit; Karl Jónsson  
Svalbarðsstrandarhreppur; Björg Erlingsdóttir  
Grýtubakkahreppur; Þróstur Friðfinnsson

Einnig sátu fundinn; Sigmundur Einar Ófeigsson, Baldvin Valdemarsson, Elva Gunnlaugsdóttir, Finnur Ingvi Kristinsson, Valtýr Hreiðarsson, Arnar Árnason.

Katrín setti fund og bauð fundarmenn velkomna, Snorri Finnlaugsson skipaður fundarstjóri. Þróstur Friðfinnsson ritaði fundargerð.

Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

#### 1. Skýrsla stjórnar.

Katrín sigurjónsdóttir, formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan fylgir fundargerð sem viðhengi.

Katrín færði starfsmönnum blómvendi og góðar þakkir fyrir frábær störf í þágu félagsins.

#### 2. Ársreikningur 2019

Arnar Árnason endurskoðandi kynnti ársreikning. Rekstrartekjur 95,5 mkr. og rekstrarafkoma 5,8 mkr. í hagnað. Eigið fé 16,7 mkr.

#### 3. Umræða um skýrslu stjórnar og afgreiðsla ársreikning.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

#### 4. Breytingar á samþykktum.

Engar tillögur liggja fyrir fundinum.

#### 5. Skipun stjórnar.

Tilnefndir af sveitarfélögunum:

Hilda Jana Gísladóttir, Akureyrarbæ

Ásgeir Örn Blöndal, Akureyrarbæ

Valtýr Hreiðarsson, Svalbarðsstrandarhreppi (Svalb, Hörg, Grýt, Esveit)

Finnur Ingvi Kristinsson, Eyjafjarðarsveit (Svalb, Hörg, Grýt, Esveit)

Katrín Sigurjónsdóttir, Dalvíkurbyggð (Dal, Fjallab.)

Varamenn:

Unnar Jónsson, Akureyrarbæ

Helga Helgadóttir, Fjallabyggð

Stjórnin leggur til við aðalfund að núverandi stjórn sitji áfram til loka á slitum félagsins. Stjórnin stefnir á að ljúka slitum fyrri hluta árs 2021.

Samþykkt samhljóða.

#### **6. Fjárhæð rekstrarframlaga.**

Stjórn leggur til að vegna samruna við SSNE verði engin rekstrarframlög á árinu til AFE.

Samþykkt samhljóða.

#### **7. Ákvörðun um þóknun stjórnar.**

Stjórnin leggur til við aðalfund að laun verði óbreytt eins og þau eru í dag, allt til slita félagsins eða þannig:

Stjórnarmaður eða varamaður hans fái greitt 45.449 kr. Fyrir setinn fund.

Þóknun stjórnarformanns verði tvöföld fundarlaun fyrir setinn fund eða 90.898 kr.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **8. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.**

Stjórn leggur til að hagnaður færist á óráðstafað eigið fé.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **9. Önnur mál.**

Björg ítrekar þakkir til starfsmanna, tekið undir það.

Ritara og fundarstjóra falið að ganga frá fundargerð og senda á sveitarfélögin.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15:35.